

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. mars 2022
Tilv.: 2203010

Efni: Umsögn Samkeppniseftirlitsins um frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 (vefverslun með áfengi), 334. mál.

Samkeppniseftirlitið vísar til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, þann 10. mars 2022, þar sem eftirlitinu var gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um áfengislög (vefverslun með áfengi) 334. mál. Tillögurnar fela í sér að heimilað verði að starfrækja vefverslun með áfengi í smásölu til neytenda. Samkvæmt frumvarpinu er markmið þess að jafna stöðu innlendrar og erlendrar verslunar og undirstrika lögmæti innlendrar netverslunar með áfengi.

Líkt og framangreint ber með sér fela tillögurnar í sér undanþágu frá einkaleyfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á smásölu áfengis til neytenda, sem er lögfest í 10. gr. áfengislaga, nr. 75/1998, og 1. mgr. 7. gr. laga um verslun með áfengi og tóbak, nr. 86/2011.

Samkeppniseftirlitið telur nauðsynlegt að koma eftirfarandi umsögn á framfæri með vísan til c-liðar 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, en þar er kveðið á um það hlutverk eftirlitsins að „benda stjórnvöldum á leiðir til að gera samkeppni virkari“.

I.

Samkeppniseftirlitið hefur áður veitt umsagnir um sambærileg frumvörp um breytingar á smásölu áfengis og komið á framfæri sjónarmiðum sem varða m.a. markmið samkeppnislaga, að samkeppni í viðskiptum sé bæði æskileg og nauðsynleg þar sem hún meðal annars auki velferð neytenda, eykur jöfnuð og stuðli að hagkvæmni og þróttmiklu atvinnulífi.¹

Hins vegar er viðurkennt að þótt markmið samkeppnislaga endurspegli þá staðreynd að samkeppni í viðskiptum sé bæði æskileg og nauðsynleg, er viðurkennt að í tilteknum tilvikum kunni að vera nauðsynlegt að víkja frá frjálsri samkeppni, í því skyni að vernda tiltekna almannahagsmuni.

¹ Sjá eldri umsagnir Samkeppniseftirlitsins t.a.m.:

Umsögn Samkeppniseftirlitsins um frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum (sala á framleiðslustað), 504. mál frá 8/3/2021 - <https://www.samkeppni.is/media/umsagnir-2020/Umsogn-3-2021.pdf>

Umsögn Samkeppniseftirlitsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak o.fl. (smásala áfengis), 106. mál. frá 20. mars. 2017 https://www.samkeppni.is/media/umsagnir-2017/Umsogn_3_2017-Frumvarp-til-breytinga-a-logum-um-verslun-med-afengi.pdf

Umsögn Samkeppniseftirlitsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak o. fl. (smásala áfengis), 17. mál. frá 16. nóvember 2014. https://www.samkeppni.is/media/umsagnir-2014/Umsogn_8_2014_um-frumvarp-til-laga-um-breytingu-a-verlum-med-afengi-og-tobak.pdf



Núgildandi lagafyrirmæli um áfengiseinkasölu ríkisins og tengdar takmarkanir er dæmi um slík frávík frá frjálsri samkeppni. Þær reglur eiga sér langa sögu og spretta úr allt öðru verslunarumhverfi en nú er við lýði. Hefur áfengiseinkasala á skömmum tíma þróast úr því að vera stunduð á fáum stöðum á landinu þar sem varan var afhent yfir borð, yfir í dreifðar og nýtiskulegar verslanir, sem bjóða upp á mikið aðgengi neytenda, en leggja miklar takmarkanir á framleiðendur og innflytjendur. Þá starfrækir ÁTVR jafnframt netverslun. Þessar miklu breytingar á áfengissölu hafa átt sér stað án mikillar stefnumarkandi umræðu, hvorki um undirliggjandi lýðheilsuáhrif, né áhrif á samkeppni.

Samkeppniseftirlitið ítrekar sjónarmið sem fram hafa komið úr eldri umsögnum, en þar hefur einnig verið gerð grein fyrir ýmsum ábendingum og kvörtunum sem eftirlitinu hafa borist um háttsemi ÁTVR á áfengismarkaði og tengjast að einhverju leyti þessum samkeppnislegu hindrunum sem vikið er að í frumvarpinu. Kvartanirnar hafa einkum varðað vöruvalsreglur fyrirtækisins, synjun þess að taka vörur í reynslusölu, stærðartakmarkanir á sölueiningum áfengra drykkja sem heimilt er að bjóða til sölu í verslunum ÁTVR, framsetningu/uppstillingu drykkja í verslunum ÁTVR, meintar ávirðingar þess efnis að ráðgjafar á vegum ÁTVR hygglí ákveðnum aðilum umfram aðra og greiðslufyrirkomulag ÁTVR á áfengi sem er í reynslusölu.

Með hliðsjón af framangreindu er Samkeppniseftirlitið fylgjandi því að núgildandi fyrirkomulag við sölu áfengis verði endurskoðað. Eftirlitinu er ljóst mikilvægi þess að löggjafinn leitist við að vernda samfélagið og einstaklinga frá þeirri vá sem neysla áfengis getur haft í för með sér. Til þess á hins vegar að velja þær aðferðir sem skerða frjálsa samkeppni sem minnst.

Virðingarfyllt,

Samkeppniseftirlitið